



Morgunblaðið/Sverrir

Eigendur verslana við Laugaveg, frá Frakkastíg að Klapparstíg, óttast að innbrotum fjölgi þar sem engin umferð er um götuna. Lögreglan kveður svæðið vera undir ströngu eftirliti.

Verslunareigendur við Laugaveg óttast innbrot:

Er um með svæðið undir smásjá

— segir Páll Eiríksson, aðstoðaryfirlögregluþjónn

EIGENDUR verslana við Laugavegin í Reykjavík hafa af því nokkrar áhyggjur að innbrot í verslanir muni aukast á þeim hluta vegarins sem nú er lokaður fyrir umferð, þar sem innbrotshjófari eigi auðvelt með að athafna sig þar ósédur.

Eins og sagt var frá í Morgunblaðinu var brotist inn í gullsmíðaverslun við Laugavegin fyrir skömmu og öllu fémætu stolið. Þá var einnig brotinn gluggi í úraverslun við Laugavegin um síðustu helgi, en lögreglan náði þeim sem það gerði áður en hann gat haft nokkuð á brott með sér. Vegna þessa eru verslunareigendur við Laugavegin ugðandi, þar sem þeir telja að innbrot muni aukast á meðan verið er að vinna að endurskipulagningu vegarins frá Frakkastíg að Klapparstíg.

Páll Eiríksson, aðstoðaryfirlögregluþjónn, sagði að innbrot hefðu aukist í Reykjavík að undanfögnu

en sér virtist sem þessi hluti Laugavegar væri ekki í meiri hættu en aðrir. „Ég held að það hafi ekki orðið nein aukning á innbrotum þarna, en það er þó erfitt að dæma um það vegna þess hve stuttur tími er liðinn frá því að veginn var lokaður fyrir umferð,“ sagði Páll. „Lögreglan gerir sér þó grein fyrir því að þetta er viðkvæmt svæði vegna þess að umferð er engin og því eru gangandi lögregluþjónnar þarna á ferli frá því að verslanir loka og fram eftir nóttu. Við höfum þetta svæði því undir sérstakri smásjá.“

Forsætisráðherra og borgarstjóri:

Vel tekið í hugmyndina um vinnuveitendasamband ríkis og sveitarfélaga

STEINGRÍMUR Hermannsson, forsætisráðherra og Davíð Oddsson, borgarstjóri, taka vel í þá hugmynd Gunnars J. Friðrikssonar, formanns Vinnuveitendasambands Íslands, að tímabært sé að ríki og sveitarfélög myndi samtök sem vinnuveitendur og komi sameiginlega fram gagnvart félögum opinberra starfsmanna með sama hætti og gerist á almennum vinnumarkaði. Hins vegar eru talin öll tormeðki á því að fjárveitinganefnd Alþingis verði í forsvari samninga við opinbera starfsmanna.

„Mér finnst út af fyrir sig samstarf milli ríkis og sveitarfélaga mjög æskilegt í þessum málum, hvort sem það er í formi vinnuveitendasambands eða náins samstarfs,“ sagði Steingrímur Hermannsson, forsætisráðherra. „Hins vegar tel ég að þetta sé á misskilningi byggt hvað varðar fjárveitinganefnd Alþingis. Alþingi er ekki framkvæmdaaðili, heldur fer með löggjafarvald og við verðum að gæta þess, jafnvel betur en við höfum stundum gert, að Alþingi hafi ekki afskipti af málefnum framkvæmdavaldsins.“

Steingrímur sagði að hann hefði lengi talið tímabært að endurskoða vinnulöggjöfina, hún væri komin til ára sinna, þó hún hefði verið merk, þegar hún var samín á millistríðsárunum. „Það hefur svo margt breytst í þjóðfélaginu að ég tel endurskoðun ákaflega æskilega. Það hafa að vísu verið gerðar margar tilraunir til endurskoðunar. Þær hafa oft strandað á verkalyðshreyfingunni, en ég held að mjög nauðsynlegt sé að gera þessar breytingar að höfðu samráði við verkalyðshreyfinguna,“ sagði Steingrímur. Hann sagði að hann teldi varla komna næga reynslu á samningsréttarlög opinberra starfsmanna til þess að taka ákvörðun um endurskoðun.

Davíð Oddsson, borgarstjóri, sagði að hann teldi vert að skoða hugmyndina um vinnuveitendasamband ríkis og sveitarfélaga. „Við verðum varir við það, þegar við ger-

um samninga við borgarstarfsmenn, að það er ætlast til þess að við ruglum ekki allt launakerfið í landinu með samningum okkar og þá er ef til vill best að hafa samræmi í þessu, að minnsta kosti hvað varðar allar meginlinur, þó sveitarfélögin semji síðan um ýmis sératriði,“ sagði Davíð.

Hann var einnig spurður hvort hann teldi ástæðu til þess að endurskoða samningsréttarlögin frá því í vetur. „Ég held að það sé of snemmt að dæma um samningsréttarlögin. Maður gerði svo sem ráð fyrir í fyrstunni að allir myndu þurfa að prófa þennan nýfengna verkfallsrétt. Ég held hins vegar að í vaxandi mæli muni menn átta sig á því að verkfallsrétturinn er ekki vopn sem

dugar í nútímanum. Mér finnst ekkert athugasvert við það að félögin hafi þennan rétt í öryggisskyni, en það verður að nota hann af varfærni. Ef hann verður notaður eins og undanfarið, gerir hann ekkert gagn, heldur þrýstir ákveðnum hópum upp og eykur á verðbólgu,“ sagði Davíð.

„Mér sýnist í fljótu bragði að þetta stríði á móti þeirri grundvallarreglu að framkvæmdavaldið sé ekki í höndum Alþingis, en samningar við opinbera starfsmenn heyrja undir framkvæmdavaldið,“ sagði Þorvaldur Garðar Kristjánsson, forseti Sameindaþings, er hann var spurður hvort fjárveitinganefnd gæti farið með samninga við opinbera starfsmenn. „Alþingi fer með löggjafarvald og hefur eftirlitshlutverk gagnvart framkvæmdavaldinu,“ sagði hann ennfremur og benti á að það hefði verið undirstrikað í byrjun þessa árs er Ríkisendurskoðun var færð frá fjármálaráðuneytinu og undir vald Alþingis.

Bæjarstjórn Ólafsvíkur:

Miklar áhyggjur vegna vegaástands

BÆJARSTJÓRN Ólafsvíkur lýsir yfir miklum áhyggjum með ástandi vega á leiðinni um Fróðárheiði til Reykjavíkur. Vegir á þessari leið eru nú stórkemmdir vegna of mikils óxulþunga og sívaxandi fiskflutninga frá höfn-

um á utanverðu Snæfellsnesi, segir í ályktun bæjarstjórnarinnar.

Ennfremur segir: „Bæjarstjórn vill benda á að Fróðárheiði tengir saman heilsugæslusvæði Ólafsvíkur-læknishéraðs. Með sama ástandi vega á þessu svæði er stórhætta á byggðaröskun á utanverðu Snæfellsnesi.“

Bæjarstjórn Ólafsvíkur skorar á samgönguráðherra og ríkisstjórn Íslands að útvega nægjanlegt fjármagn svo lagfæring og uppbygging þjóðveggarins um Fróðárheiði geti hafist nú þegar og eðlilegt vegasamband komist á milli byggða á utanverðu Snæfellsnesi og til Reykjavíkur.“

Kjarvalsstaðir:

Fimm listamenn opna sýningar á laugardag

FIMM íslenskir listamenn opna sjálfstæðar sýningar á verkum sínum á Kjarvalsstöðum næstkomandi laugardag og opna þær allar á sama tíma, klukkan 14.00. Sýningarnar eru af sitt hverjum meidd myndlistarinnar, þ.e. málverk, textilvefnaður, múrlistur og skúlptúrar.

Ívar Valgarðsson og Niels Hafstein sýna skúlptúra í Kjarvalsal. Í Austurforsal sýnir Ingibjörg Styrgerður Haraldsdóttir 10 veggteppi, sem öll eru ofin á árunum 1985 til 1987, en Ingibjörg hefur sjálf litað ullina í teppunum. Þá verður Gunnsteinn Gíslason myndhöggvari með sýningu á múrlistum (sgraffito), sem er þekkt veggmyndatækni er notuð hefur verið líkt og alfreco-myndgerð allt frá miðöldum. Í Vestursal verður svo Einar Hákonarson með sýningu á 77 olíumálverkum, sem máluð eru á árunum 1985 til 1987.

Steingrímur skilaði umboðinu í gær:

Útilokar ekki þátttöku í fjögurra flokka stjórn

STEINGRÍMUR Hermannsson, formaður Framsóknarflokksins gekk á fund forseta Íslands í gærmorgun og skilaði af sér umboði því sem hann fékk sl. sunnudag til stjórnarmyndunar. Á fundi með fréttamönnum að því loknu sagði Steingrímur ekki útiloka þátttöku Framsóknarflokks í fjögurra flokka stjórn, þó að hann væri mjög hikandi í því efni.

„Mér hefur virst liggja mjög ljóst fyrir, að mér muni ekki takast, í þessari tilraun a.m.k. að mynda ríkisstjórn og vill ekki teffa fyrir tilraunum annarra,“ sagði Steingrímur.

Steingrímur sagði hafa rætt einslega við forystumenn stjórn-málaflökkanna og stjórn-málasamtaka og fengið svör á þessa leið, þegar hann spurði hvort viðkomandi eða hans flokkur væri reiðubúinn til þess að taka þátt í tilraun til þess að mynda þriggja flokka ríkisstjórn með Framsóknarflokki og Sjálfstæðisflokk: „Þorsteinn Pálsson kvað Sjálfstæðisflokkinn ekki vilja hafna slíkri tilraun, þótt flokkurinn væri einnig með hugann við aðra möguleika. Fulltrúar Kvinnalistans tóku jákvætt undir þessa spurningu og kváðu Kvinnalistann reiðubúinn til þess að gera slíka tilraun. Jón Baldvin Hannibalsson vísaði þessu á bug, eins og hann hefur jafnframt gert

opinberlega, og kvað Alþýðuflokkinn telja nauðsynlegt að tilraun yrði gerð til myndunar svokallaðrar nýsköpunarstjórnar. Svör Svavars Gestssonar voru þau að hann kvað Alþýðubandalagið ekki vera í stöðu til þess að taka þátt í stjórnarmyndunartilraun á þessu stigi og ég held ég megi segja síst með Framsóknarflokki og Sjálfstæðisflokk. Albert Guðmundsson kvað Borgaraflokkinn helst hafa í huga að vera utan stjórnar til að byrja með, en hafnaði þó ekki stjórnarsamstarfi á síðari stigi, þótt hann teldi fjögurra flokka stjórn hentugri en þriggja. Stefán Valgeirsson kvað geta komið til greina að hann styddi ríkisstjórn þessara flokka, ef semdist um málefni,“ sagði Steingrímur.

Steingrímur sagði að af þessu hefði verið ljóst að eini möguleikinn í stöðunni hefði verið tilraun til þess að mynda ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks, Framsóknarflokks og Kvinnalista, en að samtölum hans við Þorstein Pálsson í fyrradag hefði það orðið ljóst að Sjálfstæðisflokkurinn var ekki tilbúinn á þessu stigi til þess að taka þátt í slíkri tilraun. Þar með hefði verið ljóst að tilraun til þess að mynda slíka ríkisstjórn væri til einskis.

Steingrímur sagði jafnframt: „Í raun útiloka þessi svör einnig fjögurra flokka ríkisstjórn, þar sem Svavar Gestsson hefur tjáð mér að



Morgunblaðið/Þorkell

Steingrímur Hermannsson forsætisráðherra svaraði spurningum fréttamanna á fundi, að loknum fundi hans með forseta Íslands í gærmorgun, þar sem hann skilaði af sér umboði til stjórnarmyndunar.

Alþýðubandalagið sé á þessu stigi ekki reiðubúin til þess að taka þátt í stjórnarmyndunartilraun.

Steingrímur sagði að sér hefði um